Jórunn Ísleifsd. Melsted.

Rv. 1860.



JÓRUNN ÍSLEIFSDÓTTIR MELSTEÐ.

MDCCCXVI—MDCCCLVIII.



Prentað í Reykjavík 1860.

Á kostnað Páls sýslumanns Melsteðs.

Hjá Einari prentara Þórðarsyni.

I.

RÆÐUR.

Húskveðja eptir prestaskólakennara Sigurð Melsteð.

Í. J. N.

Hversu beiskur ertu, dauði! hversu beisk er þín endurminning! þessi sorgarorð eru gömul á vörum mannanna, og munu heyrast þaðan, á meðan þeir eru settir á þetta dauðlegleikans og skilnaðarins land; skilnaðarins stund á milli ástvina er jafnan sorgarstund, og beiskur er dauðinn vissulega, sem optastnær gengur þannig í garð, að hann slítur hin viðkvæmustu ástarbönd, hrífur ástvin frá brjósti ástvinar, barnið frá móðurhjartanu, foreldra frá börnum, makann úr faðmi makans. Æ! hvílík ráðgáta er oss skammsýnum mönnum vort líf, hversu erfitt er oss einatt að átta oss hèr á þessari vorri stundarvegferð! hversu þungbært að geta skilið og tekið rèttilega þeim kjörum, sem oss eru úthlutuð! En — allir þínir vegir, drottinn! eru einber speki og náð, því ber oss að trúa því staðfastlega, að allt, sem þú úthlutar oss, sè oss sent í vísdómsfullum

og gæzkuríkum tilgángi. Gleðinnar kjörum útbýtir þú af þinni náð, sorgarinnar bikar rèttir þú eins börnum þínum af mildiríkum föðurkærleika. Vertu oss, miskunsami guð! nálægur á þessari sorgarstundu, sendu þinn huggunaranda niður í hin harmþrúngnu hjörtu, svo að sorgin helgist og verði þèr þóknanleg, og þessi sorgarstund verði oss að vonarstundu.

Jú vissulega er þetta sár sorgarstund; þessi líkkista, sem vèr nú stöndum við, geymir andvana líkama framliðinnar systur, sem nú ætlar að yfirgefa þetta heimili sitt í síðasta sinni, og kveðja þá, sem hún unni þar hugástum; hún skilur nú að líkamlegum návistum við alla sína ástvini, sem geyma eptir ógleymanlega minníngu hennar í tregandi en þakklátum hjörtum. Allir, sem þekktu þig, sæla framliðna systir! hlutu að elska og virða hina hreinu sál, sem fram gekk hèr í guðhræðslu og grandvarleika fyrir drottni; allir, sem kynntust þjer, hlutu að dást að skrautbúníngi hjarta þíns, sem lýsti sèr í hógværu blíðlyndi, innilegri hjartagæzku, stöðugri tryggð, auðmýkt og þolinmæði, og hafði rót sína í sönnum guðsótta. Því betur, sem eg lærði að þekkja þig, því lengur sem eg kynntist þínu hreina, elskulega hugarfari, og gafst kostur á að taka eptir því, hversu þú af samvizkusemi í því, að uppfylla skyldur þínar, einatt gekkst fram af sjálfri þèr, og gleymdir þínum veiku kröptum, hversu þú sèrhvert augnablik varst reiðubúin að afneita sjálfri þèr til að þjóna öðrum, hversu þú hjartanlega lèzt þèr annt um, að gjöra mínum ástkæra bróður, og þinni öldruðu, æru-

verðu' móður lífið farsælt og ánægjulegt, því innilegar hlaut eg að elska þig og virða. Allt frá barnæsku hafði þín hreina sál inndrukkið guðsóttann í húsum guðhræddra foreldra; þar hafði þèr snemma verið tamið að hafa umgengni þína við guð, þar hafði þèr í æskunni verið innrætt, að hèr á jörðu erum vèr gestir og ferðamenn, og að vort rètta föðurland er á himnum. Já! vissulega þekktir þú af eigin lífsreynslu, þó þín jarðneska vegferð væri ekki laung, að hèr erum vèr gestir og ferðamenn, að vèr hèr á jörðu höfum engan blífanlegan samastað; þess vegna leitaðir þú líka hèr hins sanna föðurlands; þess vegna horfðir þú stöðuglega hèr niðri upp til hinna himnesku heimkynna; þess vegna varstu hèr á jörðu svo handgengin himninum. Nú hefur þú fundið hið varanlega heimkynni, sem frelsari þinn og vor allra hefur fyrirbúið þèr í húsi föður síns; hann, sem þitt hreina hjarta hafði stöðuglega umgengni við, en sem þú hèr að eins sást í ráðgátu, hann hefur þú nú sèð augliti til auglitis; sælir eru hjartahreinir, þeir munu guð sjá! Eins og þú, mín ógleymanlega sæla systir! varst þegar hèr á jörðu handgengin himninum, eins varstu líka handgengin dauðanum. Einatt vitjaði dauðinn heimilis þíns, einatt var aðkoma hans fyrir þig sár og sviðamikil, þegar hann kippti úr faðmi þèr þínum úngu ástvinum, sem drottinn hafði gefið þèr, og dauðans beitti broddur særði um leið þitt viðkvæma móðurhjarta djúpum sárum. Einatt máttir þú sjálf reyna árásir dauðans, þegar hann vitjaði þín í þúngum sjúkdómum, og rèðst á hina

veiku tjaldbúð líkama þíns; því — hèr barstu dýrmætan fjársjóð í veiku leirkeri; hèr varstu orðin samrýnd krossbyrði vanheilsunnar, og áttir eins og í sífelldu dauðastríði; þess vegna heimsótti dauðinn þig ekki heldur í þetta sinn eins og ókunnugur gestur; þú varst orðin handgengin honum í lífinu, hann kom ekki til þín í síðasta sinni eins og óttalegur sigrari lífsins, heldur eins og friðarins sendiboði, eins og frelsisins engill, til að leysa þína sælu önd úr fjötrum líkamans og flytja hana til hinna eilífu heimkynna, til borgar hins lifanda guðs; þar á friðarins landi hefur þinn þreytti andi fundið hvíld, þar hefur þú aptur samtengzt þeim ástvinum, sem á undan þèr eru farnir, þar á landi lifenda hefur þú fundið aptur þína úngu ástvini, sem þú tregaðir hèr, til þess aldrei að skilja við þá framar; þar mun engin sorg framar vitja þín, enginn sjúkdómur framar heimsækja þig, og dauðinn aldrei framar beiskja þèr fögnuð lífsins.

Lífsleið þín hèr, sæla systir! var ekki laung, lífsins og dauðans herra kallaði þig til sín á miðri vegferðinni; hinn himneski faðir, sem telur vora lífdaga, spyr ekki um fjölda vorra lífsstunda, heldur um það, hvernig vèr höfum lifað þær; guð hafði velþóknun á hjarta þínu, honum geðjaðist, hvernig þú hafðir brúkað þinn náðartíma, hann tók þig til sín á miðdegi lífsins, því í hans augliti varstu fullþroskuð fyrir himininn.

Vèr, sem hèr eigum enn þá eptir stundardvöl, látum oss því ekki harma burtför vorrar framliðnu

systur! nei, vèr hörmum hana ekki, vèr samfögnum lausn hennar, þeim sigri, sem hún hefur unnið, því betra hlutskipti, sem henni hefur hlotnazt; en með sárum söknuði tregum vèr allir, sem þekktum hennar guðhrædda og elskulega hugarfar, viðskilnað hennar við oss, því oss lángaði til að samferðast henni lengri tíma, ef það hefði verið guðs vilji.

Minníng hennar mun jafnan lifa í blessun, ekki einúngis í þessum húsum, sem hún kveður nú, heldur og í hjörtum allra ástvina hennar, og allra, sem nokkuð þekktu hana. Í guðhræðslu og grandvarlegleika, í hógværð og friði var framgánga hennar hèr; nú er hún inngengin í sælunnar og friðarins eilífu heimkynni. Þaðan sendir hún oss öllum sína friðarkveðju; innilegri þakklætiskveðju kveður hún þig, ástkæri bróðir! sem reyndist henni trúr og óþreytandi leiðtogi á samferð ykkar, sem barst með henni krossbyrði lífsins, sampíndist veikindum hennar, og hjúkraðir henni með viðkvæmri umhyggju í hennar lángvinnu og iðulegu sjúkdómum. Eg veit, að þitt blíða og trygga hjarta tregar sárt og innilega burtför þess tryggasta og ástkærasta vinar, sem drottinn hefur gefið þèr, hluttekníng allra viðstaddra vina og vandamanna er vottur þess, að þitt sorgarefni er mikið. En eg veit líka, að kristileg trú hefur djúpt fest rætur í hjarta þínu; af því eg veit, að þú snemma hefur tamið þèr að horfa til himins, til vors sanna föðurlands, þá veit eg líka, að frá hinum himnesku heimkynnum muni huggunarinnar ljós leiptra niður í þitt harmþrúngna hjarta,

og að þú munir finna hugsvölun hjarta þínu í þeirri huggun, sem kemur hèr að ofan. Þángað, til himins, þar sem þinn ástkæri maki er kominn í tölu annara ástvina, sem á undan henni voru farnir, rennir þú huga þínum á þessari stundu; þángað liggur einnig vor leið, þar munum vèr innan lítils tíma sjá hana aptur, því ekki eru þessir fáu lífdagar, þó oss einatt finnist þeir lángir og erfiðir, annað en lítill tími, sem liðinn er, áður en oss varir. — Yður, æruverða, sártsyrgjandi ekkjufrú! kveður yðar heittelskaða dóttir ástar- og þakklætiskveðju; straung var yðar vegferð með henni á leið lífsins, en óþreytandi reyndist yðar móðurkærleiki að styðja hana og styrkja á hinni erfiðu leið, allt frá vöggunni til grafarinnar; þúngbært var yðar tilfinníngarsama móðurhjarta, að sjá einatt heittelskaða einkadóttur andvarpa þúngt undir krossbyrði þjáníanganna, en lèttbært var yðar þrekmikla móðurkærleika, að gleyma yðar eigin þúngu byrði, til að lètta undir þúnga yðar líðandi ástvinar. Hinum algóða hefur þóknazt, sártsyrgjandi ekkjufrú! að senda yður mikla reynslu; honum hefur þóknazt, að margreyna yður í lífsins skóla; honum hefur þóknazt enn á ný að særa yður nýju sári; en vissulega mun hann, sem er guð allrar huggunar, nú sem fyr með reynslunni senda sinn heilaga huggunaranda í yðar harmþrúngna hjarta; vissulega mun hann, sem er athvarf ekknanna, nú sem fyr, verða yðar athvarf; vissulega mun hann, sem híngað til hefur verið yðar styrkur, ekki heldur nú láta yður bregðast sinn styrk; fyrir hans náð munuð þèr

geta sagt: »Þó að minn ytri maður hrörni, þá endurnýjast samt minn innri maður dag eptir dag«. Hann, sem hefur gróðursett móðurkærleikann, mun telja þau tár, sem hið tregandi móðurhjarta úthellir; þeirri hryggð, sem þèr nú hafið, mun hann síðar breyta í fögnuð á sælunnar og fagnaðarins landi, þegar þèr aptur fáið að sjá yðar sælu dóttur í tölu guðs útvaldra barna. — Yður, úngu ástvinir! kveður yðar elskaða, sæla móðir. Látið yðar sorgbitnu hjörtu ekki skelfast! Hefjið hugann til hinna himnesku heimkynna; þaðan ávarpar yðar sæla móðir yður sínum friðar- og blessunaróskum; þar biður hún fyrir yður, að þèr megið fara sívaxandi í náð hjá guði og mönnum, að þèr megið verða sæl bæði þessa heims og annars; hafið, eptir dæmi yðar sælu móður, stöðuglega umgengni yðar við guð, gleðjið hana í himninum, með því að framgánga hèr á jörðu í guðsótta og dyggð; huggið, ástkæru úngu vinir! yðar sártsyrgjandi föður með dyggðugri breytni; gleðjið yðar öldruðu, margreyndu ömmu með lofsverðum mannkostum, og gjörið henni með þeim kvölddag lífs hennar unaðarsamlegan; það er sú bezta lækníng, sem þèr getið veitt þeirra særðu hjörtum. Setjið traust yðar og athvarf til guðs; og hann, sem aldrei gleymir sínum börnum, mun geyma yður eilíflega í sínum föðurfaðmi.

Svo látum oss þá hefja hugann til himinsins; látum oss hafa það hugfast, að vèr felum himninum en ekki gröfinni vora framliðnu ástvini; í þeirri öruggu trú fylgjum vèr þínum jarðnesku leifum, sæla

systir! í guðs hús, áður en þær eru lagðar í hinn helgaða reit framliðinna. Blessaðu oss, drottinn! þessa sorgargaungu; láttu þessa sorgarstundu, og sèrhverja stundu lífs vors minna oss á, að vèr hèr erum gestir og ferðamenn, og að vort sanna föðurland er á himnum, svo að vèr, meðan vor náðartími stendur yfir, hèr á jörðunni höfum vora umgengni á himnum. Bænheyr það í þíns sonar nafni, amen.

Ræða flutt í Reykjavíkur-dómkirkju af prófasti Ó. Pálssyni.

Á þínu valdi, drottinn! erum vèr dauðlegir og allt vort ráð; þú sendir oss sorg og reynslu þessa lífs af hinni sömu föðurgæzku, sem veitir og svo gleðinnar stundir. Og gef þú oss ætíð, og gef oss einnig á þessari stundu, að taka þeirri sorg, sem þú sendir, með trú og trausti og fúsri undirgefni undir þinn föðurvilja. Gef það öllum þeim, sem syrgja yfir þessum moldum. Þá eru þeir sælir, þótt þeir harmi, því þeir munu huggaðir verða. Amen!

Þegar oss mæta hinar þúngbæru sorgarstundir, þá er jafnan eitt og hið sama skjólið, sem vèr fáum leitað og leitum í, til þess að öðlast huggun og sorganna lètti; en það er hjá guði, föður misk-

unsemdanna. Og sælir erum vèr, hver sorg sem oss mætir, ef vèr einúngis fáum falið oss hans mildri föðurhendi; því hún ein megnar að græða öll vor sár og þerra harmatárin af vorum augum. Æ, látum oss þá í hans nafni og hans miskunarskjóli eyða þessari sorgarstundu. Vor allra hjartans ósk er víst sú, að hún hefði mátt hjá oss líða; því skyldi hið syrgjandi hjarta nokkru sinni neita sèr um þá svölun, að andvarpa með honum, sem sagði: »Minn faðir! ef það er mögulegt, þá líði þessi kaleikur frá mèr«? Biðjum vèr þannig með honum, þá biðjum vèr í sannri trú, og getum einnig bætt hinu við: »þó ekki eins og eg vil, heldur eins og þú vilt«. Og guð gefi það öllum, sem hèr syrgja, að geta með þvílíku hugarfari fylgt til grafarinnar þeirri elskuðu systur vorri, sem hèr hefur svo snemma, og harmdauð öllum, sofnað hinum síðasta dúr. Hjartnanna sár eru opt næsta viðkvæm fyrir þá, sem eptir lifa, þegar hin góða manneskja verður, eins og hèr hefur skeð, burtkölluð um hádegisstundu lífsins og mitt í þess helgustu störfum. Því fremur sem manneskjunnar dyggð skartaði fagurt um hið stutta lífsskeið, því dýrmætari hún fyrir svo margt elskuvert, sem bjó í fari hennar, verður ástvinum sínum, því fremur veitir það örðugt, að halda aptur hinum beisku sorgartárum yfir hennar gröf. Sú blíðari tilfinníng hjartans, sem lætur þau fljóta, er innrætt af skaparans hendi, og því höldum vèr ekki aptur þeirri fórn, sem jafnt heiðrar minníngu hinna ástkæru, og svalar vorum sorgmæddu hjörtum. Og syrgjum vèr

þannig ástvini vora, sem það gefst ekki að njóta lengur hèr stundlega, þá vitum, að það skeður eptir vilja guðs, sem gjörir ekkert tilgángslaust, og hefur heyrt hvert andvarp, talið hvert tár vorrar hreinskilnu sorgar, með hinni sömu föðurgæzku, með hverri hann úthlutar svo miklu af því, sem er til að gleðja. Gætum vèr þessa, þá kunnum vèr og svo að syrgja með voninni til hans, með því hjartalagi, sem trúaröruggt felur sig hans vilja, í sorg sem í gleði, og segir: »Ekki eins og eg vil, heldur eins og þú vilt«. Sú huggun, sem það gefur, hefur meira ágæti með sèr, en nokkur sú gleði, sem af heiminum er; og hún svalar því fremur hjörtunum, sem innilegri og hreinni er vor sorg, sem hinn saknaði ástvinur var betri og samtengdur oss með hjartfólgnari elsku. Betri gjöf, en að njóta þvílíkra, fær guðs föðurhönd aldrei rètt að oss, en vèr könnumst bezt við elsku hans, sem gefur, með því að hneigja vor hjörtu undir hans blessaðan vilja, og vegsama eins hans nafn, þegar hann tekur aptur sitt lán.

Hèr er það hin sannkallaða góða og elskuverða manneskja, sem vèr með sorg og söknuði hljótum að fylgja til grafar. Það mun varla nokkur einn af yður, sem hèr eruð staddir, að hann fái með öðrum tilfinníngum gengið þessa gaungu, eða numið staðar við hennar gröf. Lífið var ekki lángt, því það náði ekki fleirum en rúmum 42 árum, og þó munu allir, sem til þekktu, játa, að það hafði flest það sèr til ágætis, sem jafnvel hinn hái aldur sjaldan fær náð. Svo var það búið flestum þeim kvenndyggðum, sem

sameinazt gátu, til að prýða það. það er sárt og tilfinnanlegt fyrir þá, sem eptir lifa, þegar þvílíkri manneskju verður svo snemma kippt i burtu; vegir guðs, sem ræður því, liggja þá huldir fyrir oss dauðlegum, og eitt einúngis skynjum vèr, og það má um leið hugga vor sorgbitin hjörtu, að því betri einn var og verðugri vorrar elsku, því fremur á hann sitt sanna heimkynni á öðrum sælli og betri stað, en þessari jörðu, og um þvílíka sjáum vèr það opt, að þessi stundlega dvöl verður næsta stutt fyrir þá.

þessi hin framliðna hafði mikið þegið af guði. Henni virtist nærri að jöfnu veitt bæði fríðleikur og góðar sálargáfur, gáfur fyrir hvers kyns nám, og það náttúrufar, sem í alla staði hneigðist að því, sem gott er. Hún naut þess mikla láns, að eiga hina beztu foreldra, sem leiddu hana með ástríkri umhyggju fram yfir æskunnar ár; og hvað sjaldgæfara er, jafnvel þó árin ekki verði fleiri, en hèr er sagt, þá var hinni nákvæmu móðurhendi aldrei af henni svipt, já, hún hefur og svo nú tekið þátt í því þúngbæra skylduverki, að apturlykja síðast hennar augu. Fáir munu í foreldra húsum verða njótandi betri og fullkomnari menntunar, hvort heldur til sálar eður líkama, en þessi framliðna; enda mun það mega fullyrða, að hún í flestu þvílíku skaraði fram úr öðrum. það var auðsjáanlegt á öllu, og eins á því, hvernig hún, eins og húsmóðir, stóð í sinni stètt. þetta er mikils vert, en hèr var það því fremur, sem það var sameinað flestum þeim dyggðum, sem eru sálarinnar sannasta prýði. Hèr

var sú manneskja, sem það var í öllu svo stöðuglega innrætt, að vanda sitt ráð, eins og fyrir guðs augliti. Hjartað var bæði hreint og stöðugt í tryggðum og í öllu góðu; framgángan siðsöm og stillt, viðmótið blítt og hógvært, og tíðast temprað með þeirri hæglátu glaðværð, sem hlýtur að vera svo geðþekk öllum.

Þó æfiárin væru ekki mörg, má það hèr samt segja, að miklu dagsverki var af lokið. Hátt á 18. ár hefur þessi framliðna bæði í blíðu og stríðu verið hin sama trygga og blíðlynda aðstoð ektamannsins, sem nú syrgir við hennar gröf; ástrík og nákvæm móðir barna sinna, bæði þeirra, sem hún hlaut að sjá á bak, og eins hinna þriggja, sem með elsku- og saknaðartárum heiðra minníngu hennar, þegar hún er liðin. Hún gætti síns húss með árvekni, og mátti í alla staði segjast að vera þess prýði. Því var það svo, að þó á margri reynslu væri að kenna, bjó þar jafnan hin sanna blessun guðs. Vèr hvorki viljum nè getum rèttilega aðskilið þetta frá því, sem eg vil halda að hafi verið aðaleinkennið á sálu hennar, en eg vil orða það svo, að hún hafi verið handgengin guði. Og það var margt, sem lýsti þessu í dagfari vorrar sælu systur. Hún naut að vísu mikils af sannkölluðu meðlæti þessara lífdaga: guð gaf henni góðan og blíðlyndan ektamaka og efnileg börn; hún naut þeirrar gleði, að móðirin, sem hún bæði elskaði og hafði í heiðri, veik aldrei úr húsi hennar, og að hin nákvæma móðurhönd var henni jafnan því meiri og betri aðstoð.

sem meira reyndi á. En með þessu fylgdi og svo mörg þúngbær reynsla. Hún kenndi bæði á sárum ástvinamissi, og hennar viðkvæma móðurhjarta reyndist mikið í því, að sjá upp á þúngar líðanir barna sinna, og fimm þeirra hafa andazt á hennar örmum. Sjálf reyndi hún mikinn heilsubrest, og lá optar en einu sinni fyrir dauðans dyrum. það er hægt að geta í vonirnar, hvílík áhrif þessi reynsla hlaut að hafa á blítt og viðkvæmt hjarta, og ekki að undra, þó hún hefði gjört mikið að því, að niðurbeygja lífsfjörið. En hitt er víst, að þó tíðast væri að kenna á einhverju af þessu, þá vèk aldrei frá henni traustið til guðs og hans gæzkuríkrar forsjónar. Hjartað, sem það var tamt að umgangast hann, minntist jafnan með auðmýkt við hans hönd, þó hún hvíldi þúngt á því. það var þetta, sem sýndi hina sannkölluðu guðræknu manneskju; og það kom hèr jafnt fram í þolgæði í mannraununum, og í því, að vanda svo í alla staði sitt ráð, eins og fyrir augliti guðs. þetta einkenni fylgdi henni víst til hinnar síðustu stundar. Undir hinum þúngu þjáníngum, sem opt virtust að vera svo miklar, að þær hlytu að svipta sjónar á öllu því, sem af heiminum er, mun sálin þess stöðugar hafa haft sína umgengni hjá guði. það var á hinu síðasta dægri lífsins, að hún einhverju sinni vaknaði af nokkurs konar svefnværð með þeim orðum, að nú hefði hún »verið að tala við guð«. Hvort heldur þau orðin sjálf hafa í það skipti verið töluð með glöggri hugsun eður ekki, þá vitna þau um hið sama, hvar hugurinn hafði sein-

ast búið. Og enginn af oss fær óskað sèr nokkurs betra á sinni síðustu stundu, en að hugir vorir megi þá vera hjá guði, vorum seinustu orðum snúið til hans, og hinum seinustu andvörpum varpað í hans föðurfaðm. En það veitist þeim einum, sem á lífsins heilbrigðu dögum lifðu í guði og höfðu sína umgengni við hann.

þannig er þessi vor elskaða systir skilin hèr við, söknuð oss öllum, en sárlega treguð af eptirlifandi ástvinum. Hèr er bæði öldruð móðir, sem, þreytt af margfaldri reynslu lífsins, hefur enn nú hlotið að búa sína elskaða dóttur til hinnar síðustu hvíldar, og hefur við það eitt að huggast, að innan lítils tíma muni það veitast, að sjá aptur hina ástkæru, sem fyrri eru farnir, — og hèr er sorgbitinn ektamaður, sem svo snemma hlýtur að skila aptur því bezta láni, sem guðs föðurforsjón hafði veitt, og gjörir það bæði með hrærðu hjarta, og með þakklæti til gjafarans, fyrir alla þá blessun, sem hann naut með þessari framliðnu. Stundlegar samvistir hefur dauðinn náð að slíta, en hann fær aldrei slitið kærleikans heilaga band, því það er tengt af guði, sem er sterkari en dauðinn, og sem á sælum samfundadegi mun tengja það aptur, svo að ekkert megnar framar að skilja. Hèr syrgja börnin elskaða móður, sem með stöðugri nákvæmni og blíðu bar þau og þeirra heill fyrir brjósti. Já, þeir eru enn nú fleiri, sem maklega telja sig með ástvinum hennar, sem öllum vildi hið bezta og gladdist við allra heill. Og yður öllum, mín elskuðu! fæ eg einúngis sagt

hið eina, sem eg aldrei hef með meiri sanni getað sagt yfir líkkistunni, en nú: vitið, að hèr hefur sú manneskja skilið við, sem guð hefur útvalið, að sú sál, sem byggði þessa föllnu tjaldbúð, átti vissa heimkomu í hans föðurskaut. Eg veit, að hjörtu yðar fá ekki neitað sèr um sorgarinnar beisku svölun, en til þess að tárin þorni af yðar sorgmæddu augum, þá snúið sálarinnar sjón að því sæla ljósi, sem skín yfir alla hina útvöldu guðs. Hann gefi yður að gjöra það, sem að síðustu mun snúa allri vorri stundlegri hryggð í fögnuð.

það er þángað, sem vèr allir eptirþreyjandi horfum eptir þèr, vor sæla, burtsofnaða systir. þú kennir ekki framar á þessa heims sorgum, en nýtur æðri og meiri gleði, en hann fær nokkru sinni veitt. Guði sè lof fyrir það, hvað þú varst um lífsins stutta skeið. Vèr kveðjum þig allir með þeirri hjartans ósk, að hvenær sem kemur vor síðasta stund, þá gefi hann oss að ná þeim sömu friðarins heimkynnum, sem þú hefur þegar gist. Amen!

II.

GRAFSKRIPT OG ERFILJÓÐ.

1. Grafskript.

†

Dáin úr lifir nú
dauðaheimi lífi æðra

JÓRUNN ÍSLEIFSDÓTTIR MELSTEÐ,
fædd á Brekku á Álptanesi 14. d. maímán. 1816;
gipt þar 30. d. desemberm. 1840
cand. philos. Páli Melsteð,
móðir 8 barna,
— 5, sem dóu á undan henni, og 3, sem lifa, —
dáin í Reykjavík 21. d. ágústmán. 1858.

Hafði hinn Alvaldi
henni veitta
kosti mæta' og marga:
gáfur, geðprýði,
góðvild staka,
blítt og hógvært hjarta.

Hafði' og uppeldi,
í ótta drottins
og hvers kyns mætum menntum,

búið hana öllu,
bezt er jafnan
hefðarkonum hæfir.

En sjálf hún hafði
hegðun alla
drottni' og dyggðum helgað;
gott að vinna,
guði' að þjóna
mest hún mat af öllu,

Vinsældir, heiður, hrós
henni þó fèlli í skaut,
samt hennar líf var ljós,
sem laungum blakta hlaut;
því margur mæðugustur
hèr á það lagði' og olli þraut.

Sjúkleiki' og sorgir með
sárt þó að legðust á,
æ hennar glatt var geð,
því guði jafnan hjá
hún hjartað hafði' og trúði,
að gott er allt þeim föður frá.

Athæfið allt og mál
um það ljóst vitni bar,
að ástrík og einlæg sál
innra bjó fyrir þar;
vegna þess ætíð öllum
— en sínum helzt — hún hjartkær var.

Nú drottins hefur hönd
hennar öll meinin grætt;
nú hennar alsæl önd
aptur þeim hefur mætt,
sem hjer hún hlaut að missa;
grátum ei, — hennar böl er bætt!

Gef, að hver gæti' og skilji,
guð! að þinn helgur vilji
speki og náð eilíf er;
guð! hjartna græddu sárin,
guð! sorga þerrðu tárin
þeirra, sem harma hèr!

Helgi Hálfdánarson.

---

2. Erfiljóð.

†

1.

Mörg hafa blómin furðu-fríð
fallið að rótum svarðar,
sem fuglaröddin fögur og blíð
fylgdi að skauti jarðar;
þeir lofuðu guð, er allt það á
aptur af jörð vill til sín fá,
í hópinn sinnar hjarðar.

2.

Æfi blómanna allra þú

eptir lèzt, góða kvendi!
ásjónu þeirra, traust og trú
tókst þú með blíðri hendi,
lèreptin fengu líf og mál,
þá lèkst þú þèr með skæri og nál;
guð þèr þá gáfu kenndi.

3.

En eitt er blóm, sem enginn sèr,
of stutt það hjá oss dvaldi,
guð kveykti það á kinnum þèr,
kærleiksfullur hann valdi
þig sèr að vini og veitti þèr,
veglegast það í heimi er;
dapur er dauðinn kaldi!

4.

Í roða sínum rósin dó,
raddlaus er túngan blíða,
og ímynd þína oss enginn bjó
svo ástríka og fríða;
grátandi að þínum grafarreit
gengur skáldið, með tárin heit,
að kveðja kvendið þýða.

Gísli Thorarensen.

Hvað ertu að gjöra;
grimmúðgi dauði!
þá beitir sigð þinni
á blóm en fegurstu,
og særir um leið

sári djúpu
hjörtu tryggðföst
og hugarblíð?

Hvað ert' að gjöra,
þá hörðum járngreipum
sárinda og sóttar
þú sundur liðar
hallir veglegar
himin-sendra
gesta góligra,
guðs ástgjafa?

Æ, hví hlaut Jórunn,
Ísleifi borin,
blóm-kvendið þýða,
þrek-kvendið stillta,
tryggð-kvendið ljúfa,
með tállausa hjartað,
að bergja svo úng
á bikar vanheilsu,
og hníga svo snemma
fur heljarbrandi?

Hvað er líf vort
á landi dauðans?
Skóli skammvinnur,
skilyrðis dvöl,
undirbúníngur,
og ekkert meira,
lífs vors ens sanna,
hvers lok ei bíða.

Hvað er líkaminn?
Leirbúð jarðnesk,
fagurt en fallvalt
furðu-smíði.
Hvert er ágæti
hèrvistar-daga?
Armæða, þreyta,
ánauð og stríð.

Gott er andanum
ódauðlega,
sem unni guði
og góðu öllu,
úr fjötrum jarðneskum
sem fyrst að leysast,
og fæðast í náðarskaut
frelsarans góða,
og laugast í kærleiks-
lind himneskri.

Gott er guðsbörnum
að gánga með sigri
úr baráttu jarðar
og böls aðköstum,
hvenær sem þóknast
himnaföður
að fóstur það fæðist
í flokk hans útvaldra.

Gott er að flytjast
á guðs engla vagni

úr faðmi fastlyndra
fróns ástvina
í faðminn útbreidda
frelsarans blíða,
og verða þar fagnað
af vinum fyrrkomnum.

Falla hèr fögur blóm,
er fold vora prýða
að gróðursetjist þau
í guðs dýrðar akri,
og skíni þar útvaldra
unaðsljóma,
sem engum áskyggist
ama stundarheims.

Sjáið í trúnni
syrgjandi vinir!
hve fagurt Jórunn skín
hjá frelsarans stóli.
Heyrið himneskan
hreim lofsaungva,
er engils vörum
út af streyma.

Sjáið í trúnni
á sælli stundu,
heim þá kallizt þèr
frá hèrvistar reynslum,
engilfaðm skínanda
yður á móti

blítt hve hún breiðir
í borg guðs lifanda!

þökkum himnaföður
þrótt, heilsu, líf,
verjum því og vinnum
í víngarði hans,
hræðumst ei dagsins
hita nè þúnga,
en hugsum vonglaðir
til heillastundar;
þá förum vèr og finnum
fullsæla vini.

Sveinn Níelsson.

1.

Hvert er farin hin fagra og blíða,
fyrr sem gullörmum vafði þig tveim,
úr eymda flóði lífs er nam líða,
hvert leið hún í svipa myrkfáinn heim?
nei! til dýrðlegra Serafims sala,
þar sjer hinn þríhelgi tignarstól bjó,
og' hans hyrðsveitir aldur sinn ala,
sem örkfángin dúfa hin leysta burt fló

2.

Múgur eingla þar mót' henni skundar,
meðtekur fagnandi nýkominn gest;
fimm þó fremstir og öllum á undan
að henni svífa, sem fagni þeir mest;

með gulltár í augum glaðir umkríngja
guðkjörinn dýrðlíng og leiða með sèr.
»Móðir, móðir«! svo sætan þeir sýngja,
»sögð ertu' í guðs nafni velkomin hjer!«

3.

Og hinn sendi þeim samsýngur flokkur:
»Sögð ertú' í Guðs nafni velkomin hèr!«
enn hann furðar, að flekkur vart nokkur
finnst á henni, sem komin þá er.
Hana því mundi og hreina ei finna
himin, þars æ býr sannleikinn skær,
heims er lastgjarnir lofuðu munnar,
og lýgi skeytin sèr hopuðu fjær?

4.

Sitt í fjelag með fögnuði kjósa
flokkar himins hið ágæta víf,
leiða' um ódáins akurinn ljósa,
hvar unan er sjerhvað og gleði og líf,
enn er lykkjur þar leiðinni breyta
lítur þaðan hin himneska þó,
eptir jörðunni' er augað að leita
og þeim vinum, er með hún þar bjó

5.

Þú, sem sárar með sútir í brjósti
saknandi mænir til hennar svo títt,
lífs í nöprum þú gráta mátt gjósti,
hvar geturðu hjarta svo ástríkt, svo blítt?
Geym vel í minni það gott allt hún veitti,
hins góða hjarta það svölun er dýr,

og von, þá ekkert, já ekkert sem þreytti,
eilífa huggun hún sál þinni býr.

6.

Dauflegt er hjá þèr í híbýlum vinur!
harla dapurt allt kríngum þig er;
hress viltu sýnast, enn hjarta þitt stynur,
hrínginn vina þann brotna þá sèr.
Enn á nóttum, þá ljós eru liðin
og liður hjarta þitt sárast og mest,
blund' þú sviptist, og finnur síst friðinn,
færðu þó enn þá hjartkæran gest.

7.

Hún, er fyrrum títt sat þèr við síðu
á sál eða líkama', er mein barstu hljótt,
en við rúm þitt með bragði svo blíðu
broshýr situr, þó hylji' hana nótt;
átt' nú að varðeingli áður þinn maka,
hún ann þjer af hjarta, man þig sem þá,
í kyrrþey horfið hún hefur til baka
frá heimi þeim, hvar hún þig ekki sá.

8.

Enn þá nálæg þjer er hún og jafna
einum hugurinn dvelur hjá þèr;
enn hún gleðst, þegar yndi þitt dafnar,
enn hún hryggist, nær sorgin þig sker.
Hennar ekkert þig hylli lát ræna,
hraustlega berstu þó dragi' yfir ský,
og lúinn torfu nær leggst undir græna,
laun þín meðtaktu faðmi hennar í.

Ólafur Indriðason.



